



Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Reykjastræti 8

101 Reykjavík

mnh@mnh.is

ÍSAFJARÐARBÆR

Ísafjörður, 28. apríl 2025

Efni: Beiðni um beitingu ívilnana samkvæmt 28. gr. laga nr. 60/2020, um Menntasjóð námsmanna, vegna skorts á heilbrigðisstarfsfólki á norðanverðum Vestfjörðum

Með vísan til 28. gr. laga nr. 60/2020, um Menntasjóð námsmanna, og í samræmi við aðgerð A.6 í gildandi byggðaaáætlun 2022–2036, óskar Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur eftir því að ráðuneytið beiti heimild sinni til að veita sérstakar tímabundnar ívilnanir í formi endurgreiðslu námslána vegna sérgreina heilbrigðisstarfsfólks, með það að markmiði að bæta mönnun og tryggja heilbrigðisþjónustu á norðanverðum Vestfjörðum.

Tillaga þess efnis var samþykkt á 1323. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar mánudaginn 28. apríl 2025 þar sem tekið var undir þörf HVEST á heilbrigðismenntuðu fólki á norðanverðum Vestfjörðum og nauðsyn þess að ráðherra beiti heimildum sínum til ívilnana.

Beiðni Ísafjarðarbæjar byggir á niðurstöðum þarfagreiningar og mönnunaráætlunar Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, sem og í samræmi við reglugerð nr. 1111/2020, einkum 16. gr. um þarfagreiningu og áætlanir heilbrigðisstofnana.

Samkvæmt greiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða (HVEST), dags. 26. febrúar 2025, er verulegur skortur á eftirfarandi heilbrigðisstéttum á svæðinu:

- Heimilislæknar: 5 stöðugildi
- Lyflæknar: 2 stöðugildi
- Skurðlæknir: 1 stöðugildi
- Geislafræðingar: 3 stöðugildi (70% starfshlutfall)
- Lífefnafræðingar: 3 stöðugildi
- Ljósmeður: 3 stöðugildi
- Hjúkrunarfræðingar -skurðhjúkrun: 4 stöðugildi
- Hjúkrunarfræðingar – svæfing: 2 stöðugildi
- Hjúkrunarfræðingar – heimahjúkrun, heilsugæsla, sjúkradeildir: 14 stöðugildi
- Hjúkrunarfræðingar – heilsugæsla/heimahjúkrun/stoðdeildir: 20 stöðugildi
- Hjúkrunarfræðingar – hjúkrunarheimili: 4 stöðugildi
- Sjúkraliðar – hjúkrunarheimili : 12 stöðugildi



- Sálfræðingar: 3 stöðugildi
- Sjúkraþjálfarar: 3 stöðugildi
- **Alls 79 stöðugildi**

Þessi skortur hefur áhrif á getu HVEST til að veita örugga og stöðuga heilbrigðisþjónustu á svæðinu, sem leiðir til skerts aðgengis íbúa að nauðsynlegri þjónustu. Ívilnanir til námsmanna í viðeigandi greinum geta dregið úr þessum vanda og laðað að menntað starfsfólk til svæðisins.

Með þessu bréfi óskar Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur eftir því að ráðuneytið:

- **Auglýsi viðkomandi svæði sem gjaldgengt fyrir ívilnanir samkvæmt 28. gr. laga nr. 60/2020.**
- **Hefji beitingu ívilnana í samræmi við verklagsreglur og svæðaskilgreiningar Byggðastofnunar, sbr. skýrslu útg. júlí 2024.**

Meðfylgjandi er:

- Afrit fundargerðar 1323. fundar bæjarráðs, sem haldinn var 28. apríl 2025.
- Þarfagreining og mönnunaráætlun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, frá 26. febrúar 2025
- Skýrsla Byggðastofnunar um svæðaskilgreiningar vegna ívilnanaheimilda Menntasjóðs námsmanna, vegna tiltekinna starfsstétta á heilbrigðissviði, útg. júlí 2024.

F.h. Ísafjarðarbæjar
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
bæjarstjóri

F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar
Jón Páll Hreinsson
bæjarstjóri

F.h. Súðavíkurhrepps
Bragi Þór Thoroddsen
sveitarstjóri

Undirritað með rafrænum hætti.